

Tillaga um úttekt á innleiðingu nýs greiðslukerfis Strætó.

Bæjarráð Garðabæjar óskar eftir því að gerð verði úttekt á innleiðingu nýs greiðslukerfis Strætó og ferlar rýndir þar sem upp hafa komið alvarlegir annmarkar sem leiða til þess að aðgengi öryrkja og fatlaðs fólks er verulega skert að þeim mikilvægu almenningssamgöngum sem Strætó er fyrir þann hóp.

Eins og fram hefur komið að undanfögnu þá hefur fjöldi einstaklinga fatlaðs fólks og öryrkja ekki tök á því að nýta sér nýtt greiðslukerfi vegna hindrana í kerfinu. Sveitarfélögin bera ábyrgð á því að þjónusta þennan hóp samkvæmt lögum og því mikilvægt að fá fram hvað það er sem veldur því að nýtt kerfi komi í veg fyrir aðgengi allra.

Einnig er óskað eftir svari við því hvers vegna nefndir um samráð fatlaðs fólks hafi ekki komið að því að rýna aðgengið að nýju greiðslukerfi.

Sara Dögg Svanhildardóttir
Bæjarfulltrúi